

Ársskýrsla Rannsóknarstofu í textíl fyrir árið 2025

Höfundur skýrslu: Ásdís Jóelsdóttir, formaður Rannsóknarstofu í textíl

<https://menntavisindastofnun.hi.is/is/rannsoknarstofa-i-textil>

Innihald:

- Yfirlit yfir stjórnaraðila
- Markmið og starfsreglur
- Verkefni og fundir
- Umræðurfundur Rannsóknarstofu í textíl og eftirfylgni
- Fræðslunefnd Rannsóknarstofu í textíl og yfirlit yfir ritgerðir á vefsíðu
- Textílvarp Rannsóknarstofu í textíl
- Menntakvika 2025
- Stjórnarfundur 2025

Rannsóknarstofa í textíl

Samþykki fyrir stofnun stofunnar innan Menntavisindastofnun Háskóla Íslands lá fyrir haustið 2019, en stofnfundur Rannsóknarstofu í textíl var haldinn fimmtudaginn, 30. janúar 2020 kl. 17, í textílstofu Menntavisindasviðs Háskóla Íslands, nánar í Skipholti 37. Faglegt bakland að baki stofnun stofunnar er skipað 16 aðilum úr ólíkum áttum, m.a. öllum skólastigum. Stofnun stofunnar er að frumkvæði Ásdísar Jóelsdóttur sem er lektor í textíl og hönnun við MVS HÍ.

Árið 2023 voru rúmlega 40 skráðir aðilar að rannsóknarstofunni og eru þeir úr ýmsum áttum; skólafólk, kennarar, hönnuðir, listamenn o.s.frv. Að rannsóknarstofunni standa formaður (og stofnandi) frá Menntavisindasviði Háskóla Íslands, fulltrúar frá Listaháskóla Íslands, formenn og varaformenn frá Félagi textílkennara í grunnskólum og Félagi fata- og textílkennara í framhaldsskólum.

Yfirlit yfir stjórnaraðila Rannsóknarstofu í textíl árið 2025:

Ásdís Jóelsdóttir formaður – Menntavisindasvið Háskóla Íslands

Sigrún Kristjánsdóttir Lyngmo – Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum

Bryndís Björgvinsdóttir - Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum, meðstjórnandi

Kristín Garðarsdóttir – Félag textílkennara í grunnskólum

Sigríður Hjartardóttir – Félag textílkennara í grunnskólum, meðstjórnandi

Ragna Sigríður Bjarnadóttir – Listaháskóli Íslands

Karín María Káradóttir – Listaháskóli Íslands, meðstjórnandi

Markmið og starfsreglur

1 Rannsóknarstofan í textíl mun beita sér fyrir að kynna rannsóknir og þróunarverkefni með áherslu á textílgreinina á grunn-, framhalds- og háskólaskólastigum. Markmiðið er að styrkja tengslin og byggja brú á milli kennara og fræðimanna sem og háskólanema í milli. Markmiðið er einnig að stofan verði vettvangur fyrir og taki þátt í umræðum í samfélaginu sem tengjast skólastarfi og ólíkum starfssviðum greinarinnar.

Hlutverk stofunnar er:

- að efla tengsl menntunar og atvinnulífs í greininni og vera vettvangur fræðapróunar á sviðinu.
- að eiga frumkvæði og að skapa aðstæður til að sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna og vera vettvangur umræðna á sviðinu.
- að standa fyrir málþingum og ráðstefnum og öðrum viðburðum til að miðla þekkingu á sviði og starfsemi stofunnar.
- að auka samstarf og samtal milli hinna ólíku en skyldra faggreina innan textílgreinarinnar sjálfrar sem og annarra fræðigreina sem gæfi möguleika á fjölbreyttari rannsóknar- og þróunarverkefnum.

2 Formaður er starfsmaður Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Formenn og varaformenn Félags fata- og textílkennara í framhaldsskólum og Félags textílkennara í grunnskólum hafa fastar aðsetur í stjórn og eru meðstjórnendur virkir og mæta á stjórnarfundum. Listaháskóli Íslands tilnefnir aðila í stjórn fyrir sína hönd og eru það kennarar í fatahönnun.

3 Allir aðilar stofunnar geta komið með tillögum um verkefni og geta komið þeim á framfæri við stjórn stofunnar og geta einnig tekið þátt í framkvæmd þeirra.

4 Rannsóknarstofan hefur aðsetur á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og starfar undir hatti Menntavísindastofnunar MVS.

Verkefni og fundir Rannsóknarstofu í textíl

Helstu atriði sem aðilar rannsóknarstofunnar vinna með:

- ✓ Skráningu og gagnasöfnun
- ✓ Þátttöku á Menntakviku HÍ
- ✓ Rannsóknir, nýlegar og í gangi og hvatning til nýrra
- ✓ Samvinnu þvert á skólastig
- ✓ Hvatningu til útgáfu bóka
- ✓ Viðtöl og kynningar í Textílvarpi Rannsóknarstofu í textíl
- ✓ Málþing um stöðu og framtíðarsýn textílmenntunar og -kennslu

Markmið rannsóknarstofunnar eru ekki fullmótuð og eru margir möguleikar í stöðunni og er það í hlutverki stofnenda og stjórnaraðila að móta markmiðin. Auk þess á stofan að vera í stöðugri þróun og taka tillit til hugmynda og tillagna sem beint er til hennar frá þátttakendum stofunnar og öðrum áhugasömum. Stjórnin tilnefnir einnig fulltrúa í ráðgefandi nefndir sem stjórn rannsóknarstofunnar getur leitað til og haft samráð við. Haldinn er einn til tveir formlegir stjórnarfundir ár hvert. Auk þess eru haldnir fundir meðal nefnda. Aðilafundir hafa einnig verið haldnir. Stjórnin heldur úti hlaðvarpi undir heitinu Textílvarp Rannsóknarstofu í textíl.

Yfirlit yfir verkefni ársins 2025

Umræðufundur Rannsóknarstofu í textíl og eftirfylgni

Á fundinn voru mættir um 50 manns, fyrir utan aðila frá stjórn Rannsóknarstofu í textíl voru mættir kennarar og nemar frá Listaháskóla Íslands, kennarar og nemar frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, kennarar og nemar frá Myndlistaskóla Reykjavíkur, kennarar og nemar frá Tækniskólanum, textílkennarar í grunnskólum, fata- og textílkennarar í framhaldsskólum og nemendur.

Fundarboðið á Umræðufund Rannsóknarstofu í textíl

Boð á Umræðufund Rannsóknarstofu í textíl – 25. mars kl. 17-18.30

- Umfjöllunarefni: **Rannsóknir – Nám – Störf – Starfsvettvangur**
- Staður og stund: Þriðjudagur 25. mars kl. 17:00-18:30
- Fundarstaður: LHÍ Stakkahlíð, stofa H201 fyrir ofan innganginn og fyrirlestrasali í Hamar

Dagskrá:

1. Rannsóknarstofa í textíl undir Menntavísindastofnun HÍ – innlit í tenglasafn 450 rannsóknarritgerða um textíl (15 mín)
 - Soffía Magnúsdóttir (HÍ-sviða)
 - Ragna Sigríður Bjarnadóttir (LHÍ)
 - Ásdís Jóelsdóttir (MVS HÍ) + iðorðasöfn
2. Rannsóknir – Nám – Störf – Starfsvettvangur (35 mín)
Umræður í hópum og þeir sem taka þátt:
 - Textílkennarar í grunnskólum
 - Fata- og textílkennarar í framhaldsskólum
 - Háskólakennarar í textíl og fatahönnun LHÍ og MVS HÍ
 - Meistararnemar/Textílkennaranemar á MVS HÍ
 - Fatahönnunarnemar/BA nemar á 3j ári LHÍ
 - Sveinsprófsnemar í kjóla- og klæðskurði í Tækniskólanum
 - Framhaldsskólanemar á lokaári í framhaldsskólum
 - Aðilar að Rannsóknarstofu í textíl

Kaffihlé (10 mín)

3. Stutt úrvinnsla og yfirferð af vinnu hópa (15 mín)
4. Skoðunarferð – fatahönnunardeild LHÍ (15 mín)

Mæting á fundinn tilkynnist á netfangið aoj@hi.is
Bestu kveðjur
Stjórn Rannsóknarstofu í textíl

Niðurstöður úr hópavinnu átta hópa frá Umræðufundinum

Lagðar voru fyrir ellefu spurningar og valdar 3-4 spurningar sem hverjum hóp myndi þykja áhugavert að ræða. Mikil virkni var í hópavinnunni og kynningum þeirra. Umræður í hópavinnu voru skráðar niður og teknir punktar af kynningum þeirra.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir:

1. Er hægt að vinna meira saman?
2. Hver eru sérsvið hinna ólíku menntunarsviða/skóla og hvernig skarast þau?
3. Hvernig má sjá fyrir sér tengingu milli skólastiga?
4. Hvernig er hægt að styðja við nýútskrifaða í faginu?
5. Gæti verið meiri samvinna milli fagaðila og þverfaglegar áherslur?
6. Hverjar eru áskoranirnar?
7. Hvernig er hægt að bæta styrkjaumhverfið gagnvart faggreininni?
8. Hvað ætti að styrkja?
9. Hvernig er hægt að bæta rannsóknir í faggreininni?
10. Hvað ætti helst að rannsaka?
11. Hvernig er hægt að skapa ný tækifæri?

Niðurstöður úr hópavinnu átta hópa sýna að mikil þörf er á samvinnu milli framhaldsskólanna og háskóla í milli, sem og allra skólastiga frá grunnskóla og upp í háskóla, þ.e. samfelldur þráður frá efri bekkjum grunnskóla og áfram í gegnum skólakerfið. Gæti slíkt samstarf verið fólgið í heimsóknum og kynningum á báða bóga, t.d. textílnemendur í grunnskóla í heimsókn í fata- og textíláfanga á framhaldsskólastigi og jafnvel á háskólastigi. Einnig gætu nemendur í framhaldsskólum og nemar á háskólastigi heimsótt yngra skólastigið og kynnt námið sitt og rætt um hvers vegna þeir völdu að sérhæfa sig í fata- og/eða textílhönnun eða það að verða textílkennarar eða iðnlærðir. Aðrar leiðir væru samsýningar skóla í milli eða milli skólastiga. Einnig mætti sjá fyrir sér sameiginleg vinnurými fyrir nýútskrifaða: verðandi fata- og textílhönnuði, textílkennara skólastiga og kjóla- og klæðskerameistara. Leita þarf leiða til að nýta sérhæfingu skólanna og efla skiptinám á milli skóla – framhaldsskóla í milli og háskóla í milli.

Einnig kom fram að efla mætti kynningar á starfsumhverfi nýútskrifaðra nema og eftirfylgni, t.d. með því að efla tengslanet og ráðgjöf frá þeim sem reyndari eru. Þannig er mikilvægt að skapa vettvang fyrir nýútskrifaða og þeirra sem þegar starfa við fagið og eru reyndari. Kallað er eftir meira samstarfi við atvinnulífið og að starfstengja betur fata- og textílnám á öllum skólastigum. Fyrirtækjum og skólasamfélaginu ætti að þykja eftirsóknarvert að leita til háskólanna eftir nýútskrifuðum nemum í vinnu eða verkefni. Sama gæti átt við framhaldsskólastigið. Vinna ætti að því að koma á styrktu eða launuðu starfsnámi fyrir háskólanema eða nemendur í framhaldsskólanámi.

Stjórnvöld og styrkjaumhverfið verða að átta sig á því að þróunarvinna og rannsóknir í textíl tekur tíma, þ.e. að viðurkenna handbrögðin og tímann sem liggur á bak við. Innleiða þurfi nýja tækni og þekkingu á forritum innan fata- og textílgreinarinnar og að samnýta hugvit, tækni og tæki, t.d. við nýtingu textílhraefna og til að stunda endurnýtingu og endursköpun. Einnig var kallað eftir því að það vanti textílsamfélag og að Rannsóknarstofa í textíl gæti mögulega verið sá vettvangur til að byrja með.

Ýmislegt var rætt um styrkjaumhverfið. Koma ætti á skattaafslætti hjá fyrirtækjum/verkstæðum sem ynnu að fataviðgerðum, fatabreytingum, endurnýtingu og nýsköpun í textíl. Förgunarskatt mætti leggja á fatasóun og þeir fjármunir síðan nýttir til að styðja við endur- og nýsköpun á fatnaði og öðrum textílafurðum á skipulagðan hátt, t.d. við upphaf og þróun vöru og síðan væru framhaldsstyrkir til að markaðssetja og koma afurðum í sölu. Setja á innflutningsgjöld á hraðtísku og auka gæðaeftirlit á skaðlegum efnum og upplýsa neytendur um að nauðsynlegt sé að textíll eigi sér framhaldslíf. Efla þarf neytendafræðslu á öllum skólastigum, þ.á.m. um textílfræði, meðhöndlun á tilbúnum afurðum og hvernig megi viðhalda líftímanum. Efla þekkingu og kunnáttu í handverki. Vinna þarf að því að sjá hagnaðinn í að endurvinnna með úrvinnslugjaldi og úrvinnslustyrkjum. Mikilvægt sé að þekkja styrkjaumhverfið fyrir stofnun fyrirtækja og þróun afurða, starfstengt nám, námsefnisgerð og bókaútgáfu, þróunarstyrki, samstarfsstyrki og vegna rannsókna. Tillaga kom einnig fram um að Rannsóknarstofa í textíl myndi kynna slíka styrki og koma með tillögur að samstarfsmöguleikum.

Eftirfylgni vegna niðurstaðna af Umræðufundinum:

1. Rannsóknarstofa í textíl stofnaði styrkja- og samstarfsnefnd sem unnið hefur að því að skoða möguleika innan styrkjaumhverfisins. Reiknað er með að í mars/apríl 2026 verði birtur slíkur listi á vefsíðu Rannsóknarstofu í textíl, tilkynnt verður um það til aðila stofunnar. Ragna Sigríður Bjarnadóttir lektor í hönnunardeild LHÍ hefur leitt nefndina, ásamt henni eru Soffía Magnúsdóttir fata- og textílkennari í FB, Álfrún Pálmadóttir fatahönnuður og Ásdís Jóelsdóttir lektor í textíl og hönnun við Menntavísindasvið HÍ.
2. Stjórn Rannsóknarstofu í textíl hefur einnig verið að skoða tillögur sem viðraðar voru á umræðufundinum og ýjað hefur verið að hér að ofan, þ.e. um samstarf milli skólastiga, fagaðila og atvinnulífsins. Einnig yrði lögð áhersla á að skoða orðræðu og stöðu faggreinarinnar innan menntunar á öllum skólastigum. Nú þegar er unnið er unnið að því að setja af stað nefnd innan stofunnar sem hefur það hlutverk að undirbúa næsta umræðufund/málþing sem myndi fjalla um þessa fyrrnefndu tengingu og að finna aðila til að halda erindi sem féllu að þessum markmiðum.

Fræðslunefnd Rannsóknarstofu í textíl og yfirlit yfir ritgerðir á vefsíðu

Fræðslunefndin kynnti yfirlit yfir flokka og innihald allra ritgerði á Umræðufundi Rannsóknarstofu í textíl. Yfirlitið hefur þegar verið birt inn á síðu Rannsóknarstofu í textíl undir heimasíðu Menntavísindastofnunar. Annars vegar er að finna skjal með töflu leitarflokka með virkum tenglum á lokaritgerðir og fleira og hins vegar yfirlitsskjal yfir höfunda og heiti ritgerða í hverjum flokki. Í fræðslunefndinni voru Birna Guðmundsdóttir, formaður, Soffía Magnúsdóttir, Kolbrún Jenný Gunnarsdóttir og Ásdís Jóelsdóttir. Nefndin fékk góða aðstoð frá Gunnhildi Kristínu Björnsdóttur, fagstjóra rannsóknarþjónustu á Landsbókasafni Íslands, við að virkja tenglana í leitarflokkunum. Leitartenglar yfir lokaritgerðir og yfirlitið verður uppfærð árlega.

Það er von fræðslunefndarinnar að leitartenglarnir eigi eftir að auðvelda kennurum á öllum skólastigum að finna fróðleik og hugmyndir og háskólanemum að finna ritgerðaefni, nýtt efni eða að vinna að áframhaldandi rannsóknum á því sem þegar hefur verið rannsakað. Hafa ber í huga höfundarétt höfunda,

þ.e. að vitnað sé í heimildir og að ekki er mögulegt að nýta innihald ritgerða, s.s. námsefni, nema með samþykki og leyfi höfundar. Mesta ánægjan er fólgin í því að lesa ritgerðirnar og fræðast um textílheiminn í allri sinni mynd, eins og sjá má í yfirlitinu eru um 440 lokaritgerðir frá ýmsum háskólum og háskólasviðum sem fjalla um textíl út frá fjölbreyttum sjónvinklum og mismunandi áherslum.

Textílvarp Rannsóknarstofu í textíl

Markmiðið með hlaðvarpinu er að koma til móts við fræði-, fag- og áhugafólk innan faggreinarinnar. Fjallað er um viðburði sem snúa fjölbreyttum rannsóknum sem geta m.a. tengst; menntun, hönnun, tækni og framleiðslu, nýsköpun og listum, námi og kennslu og útgáfu bóka. Tekin hafa verið viðtöl við einstaka hönnuði, lista- og handverksfólk, útgefendur bóka, kennara o.fl.

Ekki bættust við viðtöl árið 2024 og 2025, en nú á komandi ári 2026 verður bætt úr því. Ákveðið hefur verið að færa eldri þætti yfir á nýjan hýsil RSS.com og þar verða einnig birtir nýir viðtalsþættir, auk þess verður ýmis annar fróðleikur. Tilkynnt verður um þetta nýja fyrirkomulag til aðila um leið og úr rætist. Textílvarpið hefur fengið aðstöðu til að taka upp viðtöl í stúdíói á vegum Kennslumiðstöðar Háskóla Íslands sem hefur aðsetur í Setbergi. Soffía Magnúsdóttir, Selma Ragnardóttir og Ásdís Jóelsdóttir munu sjá um Textílvarpið.

Menntakvika 2025

Rannsóknarstofa í textíl tók þátt í Menntakviku 2025, hér að neðan má sjá upplýsingar um málstofuna og erindið.

Málstofuheiti: Listir, sköpun og umbreytandi skólastarf

Málstofustjóri: Ásdís Jóelsdóttir

Heiti erindis á málstofunni sem tengist textíl:

Fatatíska á Íslandi í samhengi við atvinnulíf og menntun

Flytjandi: Ásdís Jóelsdóttir lektor í textíl og hönnun

Tímasetning á erindi: 12.45-13.15, einnig var erindinu streymt á Zoom.

Staðsetning: Textílstofa S-217, 2. hæð í suðurálmu í Sögu

Stutt ágríp um erindið:

Í rannsókninni er dregið í efa að það sé eingöngu hinn skapandi hönnuður sem sé sá eini um að skapa tískuna. Tíska skapast ekki af einhverjum einum einstaklingi heldur af öllum þeim sem eru þátttakendur í tískuframleiðslunni. Tíska er óhlutbundið orð, það að tískan sé ekki efnisafurð, heldur frekar táknrænn afrakstur á samhæfingu þeirra sem koma að hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og sölu fatnaðar. Þegar tískan var nær eingöngu fyrir yfirstéttina breyttist hún mun hægar, þegar hún varð almennari hófst kapphlaupið um tískuna. Á fimmtánda öld var tískan eingöngu fyrir hástéttina meðan hinn ófrjálsi alþýðueinstaklingur mátti ekki tengja sig við það orð. Tísku hugtakið breyttist síðan eftir að lög og

reglugerðir urðu lýðræðislegri. Eftir að iðnvæðingin fór í gang gátu mun fleiri, burtséð frá þjóðerni eða stétt, klætt sig samkvæmt nýjustu tísku. Ef afstaða gegn framþróun og samfélagslegum breytingum er til staðar í viðkomandi samfélagi þá getur tískan ekki náð fótfestu. Tískukerfið kemur fyrst fram þar sem efnishyggja er ríkjandi og til staðar sé fataframleiðsla, kaupendur og seljendur. Á þann hátt bindur tískukerfið saman marga þætti í atvinnu- og hagkerfi heimsins og þar spilar menntun mikilvægu hlutverki. Tískusagan segir mikið um tíðarandann hverju sinni, einnig í samhengi við atvinnu-, tækni-, menntunar- og menningarsögu þjóðar. Í rannsókninni hafa verið tekin viðtöl við fjölda aðila sem tengjast fata- og textílgerð á Íslandi sem ýmsum hætti. Einnig er unnið með fjölbreyttar heimildir sem bornar eru saman við myndefni. Í erindinu verður fjallað um hvernig menntun í fatagerð á Íslandi hefur verið samtvinnuð atvinnulífi greinarinnar á 20. og 21. öld.

Önnur erindi á málstofunni:

13.15-13.45: Útilistaverk á Húsavík: Náms- og samfélagsauðlind í almannarými

Flytjandi: Helga Dagný Einarsdóttir meistaranemi

13.45-14.15: „Þar sem það sem maður hefur fram að færa skiptir einhverju máli“

Flytjandi: Soffía Valdimarsdóttir doktorsnemi og lektor

Stjórnarfundur 2025

Stjórnarfundur var fyrst boðaður í desember 2025, en honum var frestað fram í janúar 2026. Fundurinn var haldinn mánudaginn 19. janúar 2026, kl. 17.45-18.45 í Sögu, textílstofu 217, 2. hæð í suðurálmú. Nýlega flutti Menntavísindasvið Háskóla Íslands í Sögu, þ.á.m. er glæsileg aðstaða fyrir textílkennaranámið, Textíl og hönnun, m.a. ný vefstofa. Þannig er markvisst farið að kenna vefnað fyrir utan aðrar undirstöður kennslugreinarinnar á grunn- og framhaldsskólastigi, eins og fata- textílhönnun, fata- og híbýlasögu o.fl.

Dagskrá fundar.

- Styrkjanefndin, Ragna, Álfrún, Soffía og Ásdís, fundaði (kl. 17-17.40) á undan stjórnarfundinum og kynni síðan fyrir stjórninni niðurstöður af sínum fundi.
- Menntakvika
- Textílvarpið
- Umræðufundur um menntun og atvinnulíf? – tillögur að þema eða yfirheiti fundar
- Orðræða fata- og textílgreinarinnar: List, hönnun, iðnaður, handverk, listiðnaður Vinna að yfirlýsingu fyrir skólasamfélagið á öllum skólastigum?
- Skoðun stjórnar á uppsetningu á síðu Rannsóknarstofu í textíl, þ.e. á vefsíðu Menntavísindastofnunar, slóðin er <https://menntavísindastofnun.hi.is/is/rannsoknarstofa-i-textil>.

Bestu kveðjur

Ásdís Jóelsdóttir, formaður Rannsóknarstofu í textíl